



## Menningar- og ferðamál - Styrkumsókn

Eyðublað EBL-102, Útg.5  
Skjal nr: 354557  
Engin aukenning  
Minjasafn Egils Ólafssonar  
5601840269

01.09.2024 22:14

### Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda *	Minjasafn Egils Ólafssonar
Kennitala *	5601840269
Heimilisfang *	Hnjóti, Örlygshöfn
Póstnúmer og staður *	451 Patreksfjörður
Símanúmer *	6942703
Netfang *	museum@hnjotur.is
Umsjónaraðili	Sólveig Ásta Ísafoldardóttir
Samstarfsaðilar	Sólveig Ásta Ísafoldardóttir og Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
Heiti verkefnis *	Myndskreytingar á Safnahúsi Minjasafns Egils Ólafssonar
Lýsing verkefnis eða viðburðar *	Í byrjun sumars 2024 fékk Minjasafn Egils Ólafssonar listakonuna Sólveigu Ástu Ísafoldardóttur til að mála myndverk á vegg safnhússins. Tilefnið var 40 ára afmæli safnsins og 50 ára afmæli stærstu útihátíðar á Vestfjörðum, Þjóðhátíðar í Vatnsfirði 1974. Þá hafði gamall nótabátur verið tekinn og breytt í víkingaskip og siglt inn fjörðinn í tilefni af hátíðinni. Eftir hátíðina stóð báturinn fyrir utan Flókalund í Vatnsfirði en var svo komið fyrir fyrir utan safnið á Hnjóti og stóð þar um árabíl. Árið 2012 var víkingaskipið orðið illa farið og ákveðið var að taka það niður og urða. Margir sakna skipsins og tengja það við safnið og þess vegna var það ósk starfsfólks að það yrði málað víkingaskip á vegginn. Sólveig leysti það verkefni af hólmi með glæsibrag og bætti við þremur hröfnum til að tengja skipið Hrafna-Flóka, landnámsmanninum sem nam svæðið og gaf landinu okkar nafnið Ísland.
Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar *	Myndskreytingin á vegg safnhússins setur svip á húsið, vekur á því athygli og dregur að fólk. Myndin af skipinu vekur upp minningar hjá fólki, bæði íbúum svæðisins og ferðamönnum. Kærkomið er að fá heimamann til að mála vegglistaverk á húsið og vekja þannig athygli á listsköpun í heimabyggð.
Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn	Vinna 18 tímar: 90.000 kr. Efni: 20.270 kr. Akstur (fjórar ferðir): 32.560 kr. Samtals: 142830 kr.
Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar	Sótt er um styrk fyrir vinnu, efniskostnaði og akstri Sólveigar Ástu Ísafoldardóttur. Mótframlag safnsins fólst í að aðstoða Sólveigu þá daga sem hún vann í listaverkinu.
Styrkupp hæð *	142830 kr.

### Fylgigögn

Fylgigögn

Fylgigögn

### Undirskrift / Dags

Dagsetning og undirskrift  
umsækjanda

1.9.2024 Inga Hlín Valdimarsdóttir